

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 93,28 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot af vatninu á grundvelli orku- og rennismælingar. Greiðast þá kr. 1,55 fyrir hverja kílówattstund samkvæmt orkumæli og kr. 23,33 fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennismæli.

5. gr.

Pegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾"	602,00
b) Fyrir mæla allt að 2"	1 200,00
c) Fyrir mæla allt að 3"	2 404,00
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega. Gjaldþagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Greiðslustöðu skal getið á reikningi eða tilkynningu. Það eru vanskil, ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldþaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru hitaveitunni, skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m ³) (utanmál)	Heimæðargjald Kr.
Allt að 400	103 537,00
400 að 2 000	103 537,00 fyrir 400 m ³ + 82,66 kr/m ³ þar yfir
2 000 að 6 000	235 849,00 fyrir 2 000 m ³ + 69,78 kr/m ³ þar yfir
6 000 að 10 000	514 791,00 fyrir 6 000 m ³ + 62,23 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	763 911,00 fyrir 10 000 m ³ + 54,02 kr/m ³ þar yfir

Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
A. Fyrir mæli allt að ¾"	15 504,00
B. Fyrir mæli allt að 2"	31 009,00
C. Fyrir mæli allt að 3"	62 147,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem gjöld eru vangreidd af.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 1 207,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmenn hitaveitunnar skulu hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 432, 16. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 11. september 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ**um ferliverk.**

1. gr.

Með ferliverkum er átt við þá lækni meðferð sem sjúklingur er veitt á lækna stofum eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum.

Með lækni meðferð er hér m.a. átt við skoðanir, rannsóknir, lyfja- og geislameðferð svo og skurðlækningar.

2. gr.

Fyrir ferliverk, sbr 1. gr., greiðir sjúklingur gjald í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum. Ferliverk eru ekki gjaldskyld í þessu sambandi þegar þau eru veitt sjúklingi sem liggur á sjúkrahúsi af öðrum orsökum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. september 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.